

Kröfur móta í áhaldafimleikum karla 2021-2022

Áhaldafimleikar karla

Berist til yfirþjálfara, þjálfara og dómara í áhaldafimleikum karla.

Í frjálsum æfingum verður keppt eftir alþjóðlegum dómaraeglum FIG (Code of Points (COP)) 2017-2020 fram til 31. des 2021. Ný útgáfa af COP tekur gildi 1. janúar 2022 og gildir til 31. des 2024.

Í þrepunum verður keppt eftir reglum Íslenska Fimleikastiga karla 2021 - 2024, útgáfu 9, sem tekur gildi í haust og gildir til haustsins 2024.

Einsog getið er til í alþjóðlegu dómaraeglunum, er mælt til þess að keppendur framkvæmi einungis þær æfingar sem þeir geta gert af fyllsta öryggi og með réttri tæknilegri útfærslu, sjá Alþjóðlegu dómaraeglnar, COP grein 7.4.2 bls. 23.

Aldursflokkar

Aldursflokkar í frjálsum æfingum

Keppt er í þremur aldursflokkum í frjálsum æfingum, aldursflokkar eru ekki sameinaðir. Karlaflokkur (senior, FIG reglur), unglingsflokkur (junior, FIG junior reglur) og drengjaflokkur (youth, FIG junior reglur).

Flokkur	Aldur	2021	2022
Karlaflokkur	18 ára og eldri	'03 og fyrr	'04 og fyrr
Unglingsflokkur	14 – 17 ára	'03, '04, '05, '06, '07	'04, '05, '06, '07, '08
Drengjaflokkur	11 – 14 ára	'07, '08, '09, '10	'08, '09, '10, '11

Keppi einstaklingur sem hefur val um flokk, í eldri flokk, getur hann ekki keppt aftur í yngri flokk.

Aldursflokkar í þrepum

Keppt verður í eftirfarandi aldurshópum á þrepamótum FSÍ:

Þrep			
3. þrep	12 ára og yngri	13 ára	14 ára og eldri
2. þrep	12 ára og yngri	13 og 14 ára	15 ára og eldri
1. þrep	13 ára og yngri	14 og 15 ára	16 ára og eldri

Á Bikarmeistaramóti er ekki aldursflokkaskipting. TK er heimilt að breyta aldursflokkum sé þess þörf. Miðað er við að minnst 5 einstaklingar skipi aldurshóp til að aldurshópur haldi sér í 1., 2. og 3. þrepi.

Innihald móta

Tækninefnd í áhaldafimleikum karla (TK) hvetur félögin til þess að halda boðsmót og að sækja mót erlendis til þess að fá frekari reynslu fyrir keppendur, þjálfara og dómara.

Keppt er í einstaklingskeppni í 4. og 5. þrepi Fimleikastigans. Veitt eru verðlaun fyrir að ná 4. og 5. þrepi sjá stig í Fimleikastiganum. Þegar keppandi hefur náð tilskyldum stigum er hann útskrifaður úr þrepinu og má þar af leiðandi ekki keppa aftur í þrepinu á mótum FSÍ. Keppendur í 3.-1.þrepi keppa út keppnistímabilið og ljúka þrepi með því að keppa á Íslandsmóti.

Prepamót 1 (4. – 5. þrep)

Keppt er í einstaklingskeppni í 4. og 5. þrepi Fimleikastigans.

Veitt eru verðlaun fyrir að ná þrepi sjá stig í Fimleikastiganum. Þegar keppandi hefur náð tilskyldum stigum er hann útskrifaður úr þrepinu og má þar af leiðandi ekki keppa aftur í þrepinu á mótum FSÍ.

Hámarks fjöldi þjálfara á áhaldi eru tveir frá félagi.

Haustmót í áhaldafimleikum (Frjársar, 1., 2., og 3. þrep)

Keppt til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum. Þátttökuskilyrði í frjálsum æfingum eru að hafa náð aldri til að keppa í einum af þremur aldursflokkunum. Keppt eftir COP 2017-20. Keppni CII og CIII á stökki.

Prepamót 2 (4. – 5. þrep)

Keppt er í einstaklingskeppni í 4. og 5. þrepi Fimleikastigans.

Veitt eru verðlaun fyrir að ná þrepi sjá stig í Fimleikastiganum. Þegar keppandi hefur náð tilskyldum stigum er hann útskrifaður úr þrepinu og má þar af leiðandi ekki keppa aftur í þrepinu á mótum FSÍ.

Hámarks fjöldi þjálfara á áhaldi eru tveir frá félagi.

Prepamót 1. – 3. þrep

Keppt til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum.

Bikarmót í þrepum (1. – 3. þrep)

Liðakeppni. Fjöldi þjálfara á keppnissvæði með hverju liði er tveir skv. reglum FIG, töflu í grein 3.2 bls. 11. Fjöldi liða frá félagi er frjál. Lið þurfa að skila inn keppnisröð á hverju áhaldi á mótsstað á þjálfarafundi. Félög sem ekki eiga lágmarks keppendafjölda í 3. 2. 1. þrepi geta sótt um til TK/FSÍ að hafa sameiginlegt lið. Lágmarks keppendafjöldi miðast við skráða keppendur á haustmóti/þrepamóti.

Sameiginlega liðið verður að keppa í eins keppnisbolum. Fjöldi þjálfara 2 samkvæmt COP.

1. og 2. þrep

5 í liði, 5 keppa og 3 telja til stiga. Mest 2 gestakeppendur/varamenn frá hverju félagi.

3. þrep

6 í liði, 6 keppa og 4 telja til stiga. Mest 3 gestakeppendur/varamenn frá hverju félagi.

Íslandsmót í þrepum (1. – 3. þrep)

Keppt til verðlauna í fjölþraut. Allir þeir sem ná þrepinu sínu fá þátttökurétt á Íslandsmót.

Að lágmarki fá hæstu 10 keppendur á Haust-, Þrepa- eða Bikarmóti keppnisrétt.

GK meistaramót

Keppt er til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum í þremur aldursflokkum. Þátttökuskilyrði er að hafa keppt áður í 3. þrepi eða ofar.

Þrepamót 3 (4. – 5. þrep)

Keppt er í einstaklingskeppni í 4. og 5. þrepi Fimleikastigans.

Veitt eru verðlaun fyrir að ná þrepi sjá stig í Fimleikastiganum. Þegar keppandi hefur náð tilskyldum stigum er hann útskrifaður úr þrepinu og má þar af leiðandi ekki keppa aftur í þrepinu á mótum FSÍ.

Hámarks fjöldi þjálfara á áhaldi eru tveir frá félagi.

Bikarmót í áhaldafimleikum (frjálsar æfingar)

Liðakeppni. Þátttökuskilyrði eru að hafa í það minnsta keppt í 1.þrepi áður. Hvert lið má skrá 2 varamenn á mótið, fjöldi þjálfara á keppnissvæði með hverju liði er tveir skv. Reglum FIG, töflu í grein 3.2 bls 11.

5 í liði, 5 keppa og 3 telja til stiga. 5-5-3.

Ef félag nær ekki í keppnisið fyrir mótið eða að þær aðstæður komi upp á mótstað t.d. forföll keppenda áður skráðra liða sem falla vegna þessa úr liðakeppni, fá þeir einstaklingar að keppa sem gestir. Einstaklingar í frjálsum æfingum geta keppt sem gestir. Fjöldi liða er frjáls. Keppni C IV.

Íslandsmót í áhaldafimleikum (frjálsar æfingar)

Keppt til verðlauna í fjölþraut og á einstökum áhöldum í unglingsflokkum og karlaflokkum

Þátttökuskilyrði eru að vera keppandi í frjálsum æfingum eða 1.þrepi Íslenska fimleikastigans á keppnistímabilinu.

Laugardagur

Fjölþraut: Keppt í karla- og unglingsflokkum. Keppni CI og II, þeir sem keppa í undankeppni til úrslita á stökki gera 2 stökk.

Sunnudagur

Úrslit á einstökum áhöldum: Keppt í karla- og unglingsflokkum. 5 hæstu frá laugardeginum komast í úrslit á hverju áhaldi í hvorum aldursflokkum. Keppni CIII.

Stigakeppni 2021-2022

Stigahæsti keppandi á mótum tímabilsins stendur uppi sem sigurvegari í Stigakeppni FSÍ í unglingsaflokki og karlaflokki. Þau mót sem telja inn í Stigameistarakeppnina eru: Bikarmeistaramót, Íslandsmeistaramót CI (ekki CIII) og GK Meistaramót.

Stigagjöf og stöðu í stigakeppninni má finna á heimasíðu FSÍ, www.fimleikasamband.is.

Dýnur á mótum

Skjalið „Dýnur á mótum“ fer yfir reglur um notkun auka öryggisdýna á mótum innanlands.

Skráning keppenda og þjálfara á mót

Mikilvægt er að keppendur séu skráðir á mót FSÍ á tilsettum tíma til að fá þátttökurétt og einnig að forföll séu tilkynnt til FSÍ sem allra fyrst þar sem þau hafa áhrif á hópaskipan og tímasetningar móta.

Af gefnu tilefni vill tækninefnd karla FSÍ minna þjálfara og keppendur á gildandi reglur varðandi fatnað keppenda á FSÍ mótum. Keppnisfatnaður skal vera í samræmi við reglur FIG, sjá grein 2.3 bls 7-8, á öllum mótum FSÍ. Sé þessum reglum ekki fylgt eftir verður frádrætti beitt samkvæmt reglum FIG, sjá greinar 2 og 3 bls 5-12. Þetta gildir um keppni í bæði frjálsum æfingum og þrepum.

Tveir þjálfarar frá félagi á lið á áhald þegar keppendur eru fleiri en þrír, annars einn þjálfari á lið á áhald. Á Íslandsmót, keppni CIII er einn þjálfari á keppanda leyfður.

Mælst er til að þjálfarar sjái til þess að keppendur ráði við sínar keppnisæfingar og geti framkvæmt þær af öryggi. Iðkandi þarf ekki að ná þrepi til að hækka sig upp um þrep. Hinsvegar þarf keppandi að keppa í hverju þrepi og sýna fram á hæfnina til að stíga upp úr þrepinu. Ef keppandi hefur náð tilsettum stigum í fjölþraut á keppnistímabilinu skal hann hækka um þrep á næsta keppnistímabili.

Skráning dómara á mót

Félögin skrá nöfn dómara með skráningu keppenda, ef skráningu dómara vantar þá telst skráningin ekki fullnægjandi. Félögin senda inn eitt dómaragildi fyrir hverja þrjá keppendur í viðkomandi aldurshóp. Hver dómari getur ekki tekið fleiri dómaragildi en fjöldi mótshluta á hverju móti. Fjöldi dómaragilda miðast við skráningu keppenda, ekki fjölda keppenda í raun á mótinu. Á Bikarmeistaramóti skal skrá minnst tvo dómara á lið. Við niðurröðun dómara miðar TK við dómaraflökk og reynslu. Endanlegur fjöldi dómaragilda á hvert félag er jafnt og hlutfall keppenda viðkomandi félags af heildarfjölda keppenda á viðkomandi móti. Endanlegur fjöldi dómaragilda á hvert félag er sent út af FSÍ/TK þegar dómarskipulag liggur fyrir. TK áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.

Allar athugasemdir, spurningar eða ábendingar skulu sendar á skrifstofu FSÍ sem kemur þeim áleiðis til TK.

Nefndin óskar keppendum, þjálfurum, dómurum og starfsfólki góðs gengis og góðrar skemmtunar á komandi mótum FSÍ.

Þátttaka í erlendum verkefnum á vegum FSÍ

Þeir einstaklingar sem stefna á landsliðsverkefni á keppnistímabilinu þurfa að taka þátt í öllum þeim mótum sem FSÍ stendur fyrir í frjálsum æfingum eða hið minnsta vera keppandi í 1. þrepi

Fimleikastigans. Ef upp koma veikindi eða meiðsli, skal koma þeim skilaboðum til sviðsstjóra landsliðsmála og leggja fram vottorð sé þess óskað.

Tækninefnd karla (TK)